

Föstudaginn 22. maí 1987.

Nr. 307/1986

og 328/1986

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurði Hauki Engilbertssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Krisjáni Aðalsteinssyni og

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Árna Árnasyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Skjalafals. Hylming. Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka.
Hlutdeild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Einar Ingimundarson bæjarfógeti.

Áfrýjað er dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 24. mars 1986 á hendur öllum hinum ákærðu og dómi sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1986 á hendur ákærða Kristjáni Aðalsteinssyni, en með þeim dómi var hann dæmdur til refsingar ásamt tveimur mönnum öðrum, sem báðir undu dómi og ákærvald einnig að því er til þeirra tók. Brot þau sem ákærða Kristjáni eru gefin að sök eru öll talin framin áður en dómur gekk í héraði í fyrra málinu. Eru málin því dæmd í einu lagi í Hæstarétti.

Dóminum 24. mars 1986 er áfrýjað 15. apríl 1986 að ósk allra hinna ákærðu en jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Dóminum 26. maí 1986 er áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar en ákærði Kristján undi þeim dómi.

Ágrip beggja málanna bárust Hæstarétti 5. febrúar 1987.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að hinir áfrýjuðu dómur verði staðfestir að því leyti sem þeim er áfrýjað með eftirtöldum frávikum:

1. Brot ákærða Árna Árnasonar verði heimfært til refsíákvæða samkvæmt aðalkröfu í ákæru og honum refsað samkvæmt 173. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

2. Refsingar allra ákærðu verði þyngdar, bæði fangelsisrefsingar og fésektir, þar með taldar refsingar ákærða Kristjáns samanlagðar samkvæmt báðum dómum.

Loks krefst ákæruvald þess að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar.

I.

Ákæruefni sem dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum lýtur að.

Með játninum ákærðu sem studdar eru öðrum sakargögnum er leitt í ljós að þeir hafa gerst sekir um þann verknað sem þeim er gefinn að sök í ákæruskjali. Um var að tefla kaup og innflutning mikils magns af ávana- og fíkniefnum ætluðum til sölu til margra manna. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brots til refsíákvæða að því er varðar ákærðu Sigurð Hauk Engilbertsson og Kristján Aðalsteinsson. Þá þykir og bera að heimfæra brot ákærða Árna Árnasonar til sömu refsíákvæða og brot annarra ákærðu. Verður öllum ákærðu því refsað samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. einnig 22. gr. sömu laga að því er varðar ákærða Árna er hljóta átti umbun sína fyrir flutning hinna innfluttu efna með sérstakri greiðslu.

II.

Ákæruefni sem dómur sakadóms Reykjavíkur lýtur að.

Með játningu ákærða Kristjáns Aðalsteinssonar, sem studd er öðrum sakargögnum, telst sannað að hann framvísaði sparisjóðsbókum þeim sem greinir í 1.-8. tl. í III. kafla ákæru, sbr. 2.-7. tl. í I. kafla A í ákæruskjali, til úttektar á innistæðum eftir því sem þar greinir, vitandi að bækurnar voru stolnar. Notaði hann við þetta úttektarseðla með röngum nafnritunum sem ýmist voru ritaðar af honum sjálfum eða af öðrum með vitund og að fyrirlagi hans. Tókst ákærða með þessu að ná fé út úr sparisjóðsbókunum, samtals að fjárhæð 1.265.000,00 krónur. Varðar verknaður þessi við þau refsíákvæði sem í héraðsdómi greinir.

Ákvörðun refsingar og sakarkostnaður.

Refsing ákærða Sigurðar Hauks Engilbertssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár. Með vísan til forsendna héraðsdóms þykir og rétt að gera honum sektarrefsingu sem telst hæfilega ákvörðuð að öðru leyti en því að vararefsing verði fangelsi 25 daga verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða komi 66 dagar er hann sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu ákærða Kristjáns ber að tiltaka í einu lagi vegna allra þeirra brota sem hann er sakfelldur fyrir með dómi þessum, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 5. maí 1987, um að ákærði hafi rofið skilorð reynslulausnar sem honum var veitt 20. apríl 1983 á 50 daga eftirstöðvum af fangelsisrefsingu. Að ákvörðun ráðuneytisins hóf hann afplánun á þessum eftirstöðvum fangelsisrefsingarinnar samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga er hann var látinn laus úr gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa 19. september 1984. Lauk hann úttekt á þessum eftirstöðvum 8. nóvember 1984 og verða þær því ekki teknar með við ákvörðun refsingar hans í þessu máli, sbr. 42. gr. hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, sbr. og 60. gr. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða, sem áður hefur oft verið dæmdur fyrir brot á löggjöf um ávana- og fíkniefni, hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár. Jafnframt verða sektarákvæði héraðsdóms staðfest með vísan til forsendna, þó þannig að vararefsing verði fangelsi 25 daga verði sekt ekki goldin innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða komi gæsluvarðhaldsvist hans, í samtals 138 daga vegna rannsóknar beggja málanna.

Refsing ákærða Árna Árnasonar verður ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga svo sem greint er í héraðsdómi og ákveðst hún fangelsi 18 mánuði. Jafnframt greiði hann 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi fangelsi í 25 daga verði sektin ekki goldin innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa. Til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða komi gæsluvarðhaldsvist hans undir rannsókn málsins, alls 24 dagar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum um eignaupptöku ber að staðfesta.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað, sem ákærvald hefur krafist að verði staðfest, eiga að vera óröskuð.

Ákærði, Sigurður Haukur Engilbertsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur.

Ákærði, Kristján Aðalsteinsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 40.000,00 krónur.

Ákærði, Árni Árnason, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, greiði ákærðu óskipt að 5/8 hlutum en ákærði Kristján einn að 3/8 hlutum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Haukur Engilbertsson, sæti fangelsi í 2 ár og greiði 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð. Komi fangelsi í 25 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði, Kristján Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 3 ár og greiði 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð. Komi fangelsi í 25 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði, Árni Árnason, sæti fangelsi í 18 mánuði og greiði 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð. Komi fangelsi í 25 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um eignaupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði Sigurður Haukur Engilbertsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Ákærði Kristján Aðalsteinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs

verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmans, 40.000,00 krónur.

Ákærði Árni Árnason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmans, 25.000,00 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, greiði ákærðu óskipt að 5/8 hlutum en ákærði Kristján Aðalsteinsson einn að 3/8 hlutum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 24. mars 1986.

Ár 1986, mánudaginn 24. mars var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr. kveðinn upp dómur í máli ákæruvaldsins gegn Sigurði Hauki Engilbertssyni, Kristjáni Aðalsteinssyni og Árna Árnasyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali dagsettu 15. nóvember 1985 á hendur Sigurði Hauki Engilbertssyni, Básenda 2, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. júlí 1958, Kristjáni Aðalsteinssyni, Njálsgötu 22, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. nóvember 1957, og Árna Árnasyni, Hverafold 48, Reykjavík, fæddum þar í borg 2. október 1958.

Málið er höfðað gegn ofangreindum aðilum fyrir eftirfarandi meint brot gegn fíkniefnalöggjöfinni,

„með því að hafa um mánaðamót október/nóvember 1983 staðið sameiginlega að innflutningi á rúmum 5 kg af hassi, 242,5 g af amfetamíni og 17 g af kókaíni. Ákærðu Sigurður Haukur og Kristján keyptu efnin í Hollandi 25.-27. október fyrir fé sem Sigurður Haukur lagði fram í þessu skyni og 28. s.m. afhentu þeir ákærða Árna efnin í Rotterdam til flutnings hingað til lands og voru efnin að verulegum hluta ætluð til sölu hér á landi. Ákærði Árni flutti efnin til landsins með ms. Lagarfossi, sem hann var skipverji á, og var samkomulag með ákærðu um að hann fengi greitt fyrir flutninginn, en lögreglan lagði hald á efnin 5. nóvember 1983 eftir komu skipsins til Straumsvíkur.“

Ofangreind meint háttsemi ákærðu Sigurðar Hauks og Kristjáns er í ákæruskjali talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974.

Ofangreind meint háttsemi ákærða Árna er í ákæruskjali aðallega talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga, en til vara við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980,

sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. nú lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978 og auglýsingu nr. 314, 1981.

Þess er krafist af hálfu ákærvaldsins, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Þá er þess ennfremur krafist af hálfu ákærvaldsins að 5.143,4 g af hassi, 242,5 g af amfetamíni og 17 g af kókaini verði gerð upptæk samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

Ákærðu hafa allir náð sakhæfisaldri svo sem rakið var og hafa sætt eftirfarandi kærur og refsingum samkvæmt sakavottorðum sem öll eru dagsett 25.2. 1986:

Ákærði Sigurður Haukur:

1977 22/3 í Reykjavík: Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot g. 7. gr. sbr. 36. gr., 18. gr. sbr. 39. gr. áfl.

1979 21/12 í Reykjavík: Áv. og fíkn. Sátt: 85.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. sbr. 10. gr. rgj. nr. 390/1974, sbr. 77. gr. hgl. og að hluta 5. gr. s.l.

Ákærði Kristján Aðalsteinsson:

1976 21/7 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 26.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. gr. sbr. 10. gr. rg. 390/1974.

1977 6/10 í Reykjavík: Sátt: 192.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. gr. sbr. 10. gr. rg. nr. 390, 1974, sbr. og 71. gr. hgl.

1978 22/9 í Reykjavík: Sátt: 60.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 29/6 '78.

1979 15/2 í Reykjavík: Sátt: 110.000 kr. f. brot g. 27. og 18. gr. umfl.

1979 11/5 í Reykjavík: Sátt: 150.000 kr. sekt f. brot g. 60. sbr. 61. gr. tolllaga.

1981 9/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 3.500 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65/1974 og 2. sbr. 10. gr. rgj. 390/1974, sbr. 77., 71. og 5. gr. hgl.

1981 20/3 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Dómur: 7 mán. fangelsi f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65/1974 og 2. sbr. 10. gr. rgj. nr. 390/1974, sbr. og að hluta 2. tl. l. mgr. 5. gr. hgl.

1981 30/4 Borgarréttur Kaupmannahafnar, Dómur: 6 mán. fangelsi f. brot g. d. fíkniefnalöggjöf og hegningarlögum.

1982 23/3 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm upp-
kveðinn 20.3. 1981, 5 mán. fangelsi og 4.000 kr. sekt.

1982 29/4 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29.1. '82.

- 1982 29/9 í Reykjavík: Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1982 18/11 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Dómur: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. 65/1974, sbr. l. nr. 60, 1980, og 2. sbr. 10. gr. rgj. 390, 1974.
- 1983 20/4 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar.
- 1985 13/3 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- Ákærði Árne Arnason:
- 1978 25/1 á Seltjarnarn. Dómur: 45 daga varðhald skb. 2 ár f. brot g. 215. gr. hgl. 1. mgr. 26., 1. mgr. 37. l., 2. og 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umfl. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 20 mán. frá 15/9 1976.
- 1984 6/3 á Seltjarnarn. Sátt: 1.200 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Mál þetta var þingfest 31. janúar sl. Munnlegur málflutningur fór fram 6. mars sl. og var málið dómtekið sama dag.

— — —

Málsatvik:

Hinn 5. nóvember 1983 var ákærði Árne handtekinn hér í borg og við lögregluglufirheyrslu sama dag viðurkenndi ákærði Árne að hafa flutt hingað til lands fíkniefni fyrir meðákærða Kristján Aðalsteinsson. Ákærði Árne var skipverji á m.s. Lagarfossi er ákærði Árne var handtekinn hinn 5. nóvember 1983 og var skipið þá nýlega komið hingað til lands frá Rotterdam og í framhaldi handtökunnar og yfirheyrslu hjá lögreglu vísaði ákærði Árne á pakka er falinn hafði verið í lest skipsins. Pakki þessi reyndist innihalda 5.143,4 grömm af hassi, 242,5 grömm af amfetamíni og 17 grömm af kókaini.

Ákærði Árne bar við lögregluglufirheyrslu 5. nóvember 1983, að hann hafi kynnst meðákærða Kristjáni fyrir nokkrum árum er þeir voru saman til sjós og kvaðst ákærði Árne hafa vitað til þess að meðákærði Kristján hafi gerst sekur um fíkniefnabrot bæði hér á landi og í Danmörku.

Við lögregluglufirheyrslu 14. nóvember 1983 lýsti ákærði Árne því er hann hitti meðákærða Kristján í miðbæ Reykjavíkur og greindi honum þá frá fyrirhugaðri ferð sinni erlendis sem skipverji á millilandaskipi og kvaðst ákærði Árne hafa boðist til að flytja fíkniefni hingað til lands fyrir meðákærða Kristján gegn fégreiðslu.

Ákærði Árne kvað svo hafa samist milli sín og meðákærða Kristjáns að ákærði Árne flytti hingað til lands fíkniefni og hafi verið rætt um að ákærði Árne fengi kr. 80.000,00 til 90.000,00 fyrir flutning fíkniefnanna til landsins og kvað ákærði Árne hafa verið ákveðið að hann hitti meðákærða í Rotterdam er m.s. Lagarfoss væri þar staddur í höfn.

Ákærði Árni bar við yfirheyrslu hjá lögreglu um það er hann hitti með-ákærða Kristján í Rotterdam og er ákærði Árni fékk fíkniefni þar afhent og að við afhendinguna hafi verið staddur þriðji maður er ákærði Árni þekki á ljósmynd sem meðákærða Sigurð Hauk Engilbertsson.

Við nefnda lögreglu yfirheyrslu 14. nóvember 1983 kvaðst ákærði Árni hafa vitað um efnismagn er hann ætti að flytja hingað til lands og kvaðst ákærði Árni hafa vitað um að um væri að ræða hassefni óg annaðhvort amfetamín eða kókaín. Ákærði Árni kvað ytra hafa verið um það rætt milli sín og meðákærða Kristjáns að greiðsla fyrir flutning efnanna hingað til lands myndi hækka og geta numið allt að kr. 150.000,00. Ákærði Árni kvaðst einungis hafa átt að fá peningagreiðslu fyrir flutning efnanna hingað til lands.

Ákærði Árni var yfirheyrður hér fyrir dómi 31. janúar sl. og kvað hann þá atvikum rétt lýst í ákæruskjali og kvaðst engar athugasemdir hafa fram að færa varðandi skjalið.

Ákærði Árni bar við nefnda dómsyfirheyrslu í aðalatriðum efnislega á sama veg og rakið var að ofan. Ákærði Árni kvaðst alllöngu fyrir utanför sína hafa rætt við meðákærða Kristján með innflutning fíkniefna í huga og kvað ákærði Árni meðákærða Kristján strax hafa ákveðið að nýta sér boð ákærða Árna varðandi innflutning fíkniefna til landsins. Ákærði Árni kvaðst u.þ.b. tveimur dögum fyrir brottför skipsins hafa sett sig í samband við meðákærða Kristján og þá hafi svo um samist að ákærði Árni fengi greiddar kr. 100.000,00 til 150.000,00 fyrir flutning fíkniefnanna til landsins.

Ákærði Árni kvaðst ekkert hafa vitað um fjármögnun meðákærða Kristjáns varðandi fíkniefnakaupin eða hverjir kunni að eiga þátt í kaupunum með honum.

Ákærði Kristján Aðalsteinsson var yfirheyrður hjá lögreglu 13. janúar 1984. Ákærði Kristján viðurkenndi þá að hafa samið við meðákærða Árna um það að sá síðarnefndi flytti fíkniefni til landsins gegn peningagreiðslu að upphæð kr. 150.000,00 til 200.000,00. Ákærði Kristján bar í aðalatriðum á sama veg og meðákærði Árni en framburður meðákærða Árna var rakinn hér að framan.

Ákærði Kristján kvaðst hafa sett sig í samband við meðákærða Sigurð Hauk Engilbertsson eftir að ákærði Árni hafði boðist til að flytja fíkniefni til landsins. Ákærði Kristján kvaðst hafa greint meðákærða Sigurði frá áður nefndum innflutningsmöguleika á fíkniefnum án þess þó að hafa í fyrstu nafngreint meðákærða Árna. Ákærði Kristján kvað meðákærða Sigurði Hauki hafa litist vel á ofangreindan möguleika á innflutningi fíkniefna. Ákærði Kristján kvað meðákærða Sigurð Hauk hafa tekið að sér að útvega fjármagn til ferðarinnar og til fíkniefnakaupanna ytra. Þá kvað ákærði Kristján svo hafa um samist milli sín og meðákærða Sigurðar Hauks

að sá síðarnefndi lánaði ákærða Kristjáni kr. 30.000,00 sem ákærði Kristján kvaðst hafa ætlað til kaup á amfetamíni.

Ákærði Kristján kvaðst hafa haldið flugleiðis til Amsterdam hinn 25. október 1983 og þegar að kvöldi sama dags fest kaup á amfetamíni fyrir fé er meðákærði Sigurður Haukur hafði afhent ákærða Kristjáni fyrir brottför til Amsterdam. Ákærði Kristján kvaðst hafa keypt 250 grömm af amfetamíni af manni er ákærði Kristján kvaðst hafa komist í kynni við á nafngreindum bar í Amsterdam. Ákærði Kristján kvaðst hafa orðað við nefndan sölumann fíkniefna hvort sá gæti útvegað hassefni og hafi sölumaðurinn tekið vel í það að sögn ákærða Kristjáns.

Ákærði Kristján kvaðst hafa hitt meðákærða Sigurð Hauk daginn eftir að framangreind kaup áttu sér stað og lýsti ákærði Kristján því er þessir tveir ákærðu festu kaup á 5,2 kílóum af hassi af sama sölumanni fíkniefna og að framan var getið.

Ákærði Kristján lýsti við nefnda lögregluyfirheyrslu 13. janúar 1984 hvernig hann ásamt meðákærða Sigurði Hauki gekk frá fíkniefnum til afhendingar til meðákærða Árna og þá lýsti ákærði Kristján kaupum sínum á um 20 grömmum af kókaíni sem ákveðið var að kaupa.

Ákærði Kristján bar loks um afhendingu fíkniefnanna til meðákærða Árna og voru þá allir ákærðu saman í bifreið er meðákærði Sigurður Haukur hafði til umráða. Ákærði Kristján kvað hafa verið ákveðið að meðákærði Árni hefði við sig samband hér á landi eftir heimkomu og þá ákveðið með væntanlega afhendingu efnanna.

Ákærði Kristján kvaðst hafa átt 100 grömm af amfetamíninu sem ákærði Kristján kvað hafa verið keypt fyri 30 þúsund króna lánið frá meðákærða Sigurði Hauki, en að öðru leyti kvað ákærði Kristján ekki hafa verið ákveðið með framhaldið.

Ákærði Kristján var enn yfirheyrður af lögreglu 14. janúar 1983 og kvað þá hafa verið fyrirhugað að selja hluta af sínu efnismagni og að hluti hefði átt að fara til eigin neyslu og í neyslu kunningja.

Ákærði Kristján var yfirheyrður hér fyrir dómi 31. janúar sl. og vísaði ákærði þá í framburði sína undir frumrannsókn máls þessa og bar ákærði Kristján á sama veg og rakið var hér að framan. Ákærði Kristján kvaðst engar athugasemdir hafa fram að færa varðandi efni ákæru-skjals.

Ákærði Sigurður Haukur Engilbertsson var margsinnis yfirheyrður hjá lögreglu og hér fyrir dómi um meintan hlut sinn í máli þessu.

Ákærði Sigurður Haukur viðurkenndi aðild sína fyrst hér fyrir dómi 13. janúar 1984. Ákærði Sigurður Haukur var síðan yfirheyrður hjá lögreglu 16. janúar 1984 og bar þá í öllum aðalatriðum á sama veg og meðákærði Kristján varðandi aðdraganda ferðar, kaup og afhendingu fíkniefnanna til

meðákærða Árna í Rotterdam. Má hér vísa til framburða meðákærða Kristjáns er raktir eru hér að framan.

Ákærði Sigurður Haukur kvað hlut meðákærða Kristjáns í fíkniefnunum hafa verið 100 grömm af amfetamíni sem meðákærði Kristján hafi fengið fyrir 30 þúsundin er ákærði Sigurður Haukur lánaði meðákærða Kristjáni. Ákærði Sigurður Haukur kvað ekkert hafa verið ákveðið varðandi dreifingu fíkniefnanna utan að ákærði Sigurður Haukur kvaðst hafa ákveðið að selja hvert gramm af hassi á kr. 200,00, hvert gramm af amfetamíni á kr. 1500,00 og hvert gramm af kókaíni á kr. 5000,00 og kvaðst ákærði Sigurður Haukur hafa átt að fá í sinn hlut um eina milljón króna er allur kostnaður hafði verið dreginn frá.

Ákærði Sigurður Haukur Engilbertsson var yfirheyrður hér fyrir dómi 31. janúar sl. og kvað háttsemi sinni vera rétt lýst í ákæruskjali og engar athugasemdir hafa fram að færa varðandi efni ákæruskjals sem ákærði Sigurður Haukur taldi vera í samræmi við framburði sína undir frumrannsókn málsins.

Niðurstöður:

Með framburðum allra ákærðu sem rækilega eru studdir af öðrum gögnum máls þessa er sannað að ákærðu hafa gerst sekir um eftirfarandi:

Ákærðu stóðu sameiginlega að innflutningi á 5.143,4 grömmum af hassi, 242,5 grömmum af amfetamíni og 17 grömmum af kókaíni hingað til lands um mánaðamót október/nóvember 1983.

Ákærðu Sigurður Haukur og Kristján keyptu fíkniefni í Hollandi 25.-27. október 1983 fyrir fé sem ákærði Sigurður Haukur lagði fram í þessu skyni. Hinn 28. október afhentu ákærðu Sigurður Haukur og Kristján ákærða Árna fíkniefni í Rotterdam til flutnings hingað til lands og voru fíkniefnin að verulegum hluta ætluð til sölu hér á landi. Ákærði Árni flutti fíkniefnin til landsins með m.s. Lagarfossi, sem hann var skipverji á, og var samkomulag með ákærðu um að hann fengi greitt fyrir flutninginn, en lögreglan lagði hald á efnin hinn 5. nóvember 1983 eftir komu m.s. Lagarfoss til Straumsvíkur.

Ákærðu hafa því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákærði Sigurður Haukur viðurkenndi við yfirheyrslu undir frumrannsókn máls þessa að fíkniefni þau sem keypt voru og flutt til landsins og ákært er út af hafi verið ætluð til söludreifingar hér á landi.

Ákærði Kristján bar hér fyrir dómi 31. janúar sl. að hluti þeirra 100 gramma af amfetamíni er ákærði Kristján kvað vera sinn hluta efnisins hafi verið ætlaður til sölu hér á landi. Dómurinn telur að ákærða Kristjáni sem að verulegu leyti sá um kaup fíkniefnanna ytra hafi verið ljóst að fíkniefnin hafi verið ætluð til söludreifingar hér á landi.

Ákærði Kristján sætti fyrst refsingu fyrir fíkniefnabrot í júlí 1976 og hefur síðan margsinnis gerst sekur um fíkniefnabrot.

Ákærði Árni vissi um langan brotaferil ákærða Kristjáns varðandi fíkniefnamál. Ákærði Árni stuðlaði að framningu brota er hér er ákært út af með því að bjóða ákærða Kristjáni að flytja fíkniefni til landsins gegn peningagreiðslu. Ákærði Árni var þannig að þessu leyti frumkvöðull brota og ákærði Árni hefur borið að hafa að verulegu leyti vitað um efnismagn hassins er hann flutti til landsins og að hafa vitað að einnig hafi verið amfetamín eða kókaín en ekki kvaðst ákærði Árni hafa vitað um efnismagn þeirra efna.

Eftir að ákæruskjal var útgefið hefur reglugerð nr. 390, 1974 verið numin úr gildi og í hennar stað komin reglugerð nr. 16, 1986 og auglýsing nr. 293, 1978 einnig verið numin úr gildi með auglýsingu nr. 84, 1986.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 390, 1974 svo sem henni var breytt með auglýsingu nr. 293, 1978 var amfetamín sett í hóp þeirra efna er almennt voru bönnuð á íslensku forráðasvæði nema samkvæmt sérstakri undanþágu.

Samkvæmt nügildandi reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986 hefur stöðu amfetamíns verið breytt að þessu leyti þannig að efnið fellur nú ekki undir 2. gr. reglugerðar nr. 16, 1986 eða 2. gr. laga nr. 65, 1974, sbr. fylgiskjal I með reglugerð nr. 16, 1986 þar sem amfetamín er ekki meðal ávana- og fíkniefna sem merkt eru sérstaklega sem efni sem óheimil eru samkvæmt 2. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Nýlega uppkveðnir hæstaréttardómar styðja að hluta þá túlkun dómsins að staða amfetamíns sé nú breytt svo sem rakið var, því að í hæstaréttarmálum nr. 259/1985, 248, 285 og 268, 1985 er reglugerð nr. 16, 1986 talin komin í stað auglýsingar nr. 293, 1978. Rökin fyrir því að telja reglugerð nr. 16, 1986 koma í stað auglýsingar nr. 293, 1978 eru þau, að auglýsingin nr. 293, 1978 var andstæð reglugerðinni nr. 16, 1986 varðandi stöðu amfetamíns þar sem auglýsingin nr. 293, 1978 felldi amfetamín örugglega undir efni er vörðuðu við 2. gr. reglugerðar nr. 390, 1974 og 2. gr. laga nr. 65, 1974, en nýja reglugerðin nr. 16, 1986 breytti stöðu amfetamíns að þessu leyti svo sem rakið hefur verið. Samkvæmt ofanrituðu virðist töluður nr. 2 undir liðnum undanþágur og athugasemdir í fylgiskjali I eða reglugerð nr. 16, 1986 ekki samrýmanlegur efni sjálfrar reglugerðarinnar.

Auglýsing nr. 84, 1986 þykir ekki vera til þess fallin að breyta stöðu amfetamíns að þessu leyti þar sem nefnd auglýsing fjallar um takmarkanir á ávisun lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf. Nefnd auglýsing nr. 84, 1986 kveður m.a. á um það að innflutningur (hér amfetamín) sé bundinn innflutningsleyfum sbr. ákvæði reglugerðar nr. 390, 1974. Þegar nefnd auglýsing nr. 84, 1986 var gefin út hafði reglugerð nr. 390, 1974 þegar verið

felld úr gildi með reglugerð nr. 16, 1986 og hlýtur því að eiga að vísa til reglugerðar nr. 16, 1986 í 4. tl. auglýsingar nr. 84, 1986 en ekki til reglugerðar nr. 390, 1974.

Í reglugerðinni nr. 16, 1986 er amfetamín merkt sem efni er innflutningsleyfa er krafist og er ítarlega kveðið á um innflutningsleyfi í reglugerðinni.

Þær breytingar er átt hafa sér stað og raktar hafa verið þykja ekki bera vott um breytt refsinnæmi brota ákærðu. Því til stuðnings má benda á dóma hæstaréttar uppkveðna 26. febrúar 1986 vegna brota fyrir innflutning á amfetamíni og einnig styðja hækkun refsismörk í reglugerð nr. 16, 1986 að nokkru þá niðurstöðu að meðferð ákærðu á amfetamíni sé jafn refsinnæm brot og var fyrir framangreinda breytingu á reglugerðinni og auglýsingu, þótt í máli þessu verði ekki beitt þyngri viðurlögum en heimil voru er ákærðu frömdu brot sín.

Verður í máli þessu alfarið beitt hinum nýju reglum, þó þannig að ekki verður beitt þyngri viðurlögum en heimil voru fyrir gildistöku reglnanna sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Mál þetta snýst um innflutning í söluskyni á sterkum og hættulegum fíkniefnum. Meðal efna var kókaín.

Svo sem rakið var telur dómurinn amfetamín ekki falla undir 2. gr. laganna nr. 65, 1974 eða 2. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, en við flutning málsins var vikið að nefndum breytingum á reglugerð og auglýsingu og málið reifað að hluta með breytingarnar í huga, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974.

Brot ákærðu Sigurðar Hauks og Kristjáns varða við verknaðarlýsingar 3. gr. laga nr. 65, 1974 og 3. gr. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, sbr. auglýsingu nr. 84, 1986 varðandi meðferð ákærðu á amfetamíni en brot þessara tveggja ákærðu varða við verknaðarlýsingu 2. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, varðandi meðferð þeirra á hassi auk þess að varða við auglýsingu nr. 314, 1981, vegna kókaínsins.

Brot þessara tveggja ákærðu þykir svo alvarlegs eðlis að þeim eigi að refsast eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64, 1974.

Brot ákærða Árna þykir ekki vera með þeim hætti að honum verði vegna þess gerð refsing eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974 svo sem brotið er aðallega talið varða við í ákæruskjali.

Brot ákærða Árna þykir varða við 2. gr. og 3. gr. sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. nú lög nr. 13, 1985 og nú 2. og 3. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986 og auglýsingu nr. 84, 1986 og auglýsingu nr. 314, 1981.

Kröfu ákæruvalds um að við ákvörðun refsingar ákærða Kristjáns verði

tekið tillit til reynslulausnar ákærða Kristjáns verður að skilja svo að krafa sé gerð um að 50 daga eftirstöðvar refsivistar ákærða Kristjáns verði dæmd með í máli þessu. Svo sem rakið var varðar brot ákærða Kristjáns við almenn hegningarlög og er því framkvæmdavaldshafa unnt að ákvarða að ákærði Kristján taki út 50 daga eftirstöðvar refsingar sem ákærði fékk reynslulausn á hinn 20. apríl 1983. Þrátt fyrir þetta þykir í máli þessu mega ákvarða ákærða Kristjáni refsingu í einu lagi fyrir brot það er hér er ákært út af og að teknu tilliti til 50 daga er ákærði fékk reynslulausn á hinn 20. apríl 1983 í 2 ár. Vísast í þessu sambandi til 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða Árna verður ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 vegna sáttar frá 6. mars 1984, sekt kr. 1200 fyrir umferðarlagabrot.

Ákærðu sammæltust varðandi framningu brota og verður það virt ákærðu til þyngingar við ákvörðun refsingar sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða Sigurðar Hauks hæfilega ákveðin sem fangelsi í 3 ár.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, skulu 66 dagar er ákærði Sigurður Haukur sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins koma til frádráttar fangelsisrefsingu.

Ákærði Sigurður Haukur framdi brot sitt með viðskiptasjónarmið í huga og er honum gert að greiða kr. 50.000,00 í sekt í ríkissjóð sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja komi 50 daga fangelsi í sektar stað.

Ákærði Sigurður Haukur greiði skipuðum verjanda Kristni Einarssyni hestaréttarlögmanni kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun og kr. 20.864,00 vegna réttargæslu Þórðar Gunnarssonar hestaréttarlögmanns.

Refsing ákærða Kristjáns Aðalsteinssonar þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í 3 ár, en ákærði Kristján hefur itrekað gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 skulu 69 dagar er ákærði Kristján sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins koma til frádráttar fangelsisrefsingu.

Ákærði Kristján framdi brot sitt að hluta með viðskiptasjónarmið í huga og er honum gert að greiða kr. 50.000,00 í sekt í ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982. Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa komi fangelsi í 50 daga í sektar stað.

Ákærði Kristján greiði kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda Björgvins Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns og þá greiði ákærði Kristján kr. 34.944,00 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Refsing ákærða Árna Árnasonar þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í 2 ár.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, skulu 34 dagar er ákærði Árni sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins koma til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði Árni framdi brot sitt með vipskiptasjónarmið í huga og er honum gert að greiða kr. 50.000,00 í sekt í ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa komi fangelsi í 50 daga í sektar stað.

Ákærði Árni greiði skipuðum verjanda Guðnýju Höskuldsdóttur héraðsdómslögmanni kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun og kr. 9.500,00 vegna réttargæslu Kristján Stefánssonar héraðsdómslögmanns.

Fallist er á upptökukröfur ákæruvaldsins í máli þessu og skulu með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 upptæk til eyðingar 5.143,4 grömm af hassi, 242,5 grömm af amfetamini og 17 grömm af kókaini. Fíkniefnin eru merkt efnaskrá nr. 1073 í vörslum dómsins.

Annan sakarkostnað en að ofan er sérstaklega greindur greiði ákærðu in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Haukur Engilbertsson, fæddur 9. júlí 1958, skal sæta fangelsi í þrjú ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 66 dagar er ákærði Sigurður Haukur sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins.

Ákærði Sigurður Haukur greiði kr. 50.000,00 í sekt í ríkissjóð og komi fangelsi í 50 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Sigurður Haukur greiði kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns og kr. 20.864,00 vegna réttargæslu Þórðar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns.

Ákærði, Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, skal sæta fangelsi í þrjú ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 69 dagar er ákærði Kristján sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði Kristján greiði kr. 50.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi 50 dagar í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Kristján greiði kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda Björgvins Þorsteinssonar héraðsdómslögmanns og kr. 34.944,00 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Ákærði, Árni Árnason, fæddur 2. október 1958, skal sæta fangelsi í tvö ár.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 34 dagar er ákærði Árni sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði Árni greiði kr. 50.000,00 í sekt í ríkissjóð og komi 50 dagar í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Árni greiði kr. 30.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Guðnýjar Höskuldsdóttur héraðsdómslögmanns og kr. 9.500,00 vegna réttargæslu Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns.

Upptæk til eyðingar skulu 5.143,4 grömm af hassi, 242,5 grömm af amfetamíni og 17 grömm af kókaíni. Efnin eru nú merkt efnaskrá nr. 1073 í vörslum dómsins.

Annan sakarkostnað en að ofan er sérstaklega greindur greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 40.000,00

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1986.

Ár 1986, mánudaginn 26. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 303-305/1986: Ákærvaldið gegn I, Kristjáni Aðalsteinssyni og G, sem tekið var til dóms 5. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. febrúar 1986, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur I, Kristjáni Aðalsteinssyni, Njálsgötu 22, fæddum 4. nóvember 1957, og G, öllum fæddum í Reykjavík og búsettum þar í borg, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I. Gegn ákærða I fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot og brot í opinberu starfi.

Að hafa á tímabilinu frá því í byrjun febrúar 1984 og til 2. júlí sama ár farið í þjófnaðarskyni, ávallt að næturlagi, sjö ferðir, sbr. II. og III. ákærulið, inn í húsakynni Borgarfógetaembættisins í Reykjavík að Skógarhlið 6, með því að nota til þeirra ferða lykla að húsakynnum embættisins sem ákærði hafði undir höndum vegna starfa sinna hjá embættinu sem aðstoðarmaður og vottur við fasteigna- og lausafjáruppböð og stolið þar úr peningaskáp, sem ákærði hafði lag á að opna, sparisjóðsbókum og öðrum fjárverðmætum er þar voru í vörslum skiptaréttar Reykjavíkur, nema annars sé getið, en eign ýmissa dánar- og þrotabúa.

— — —

III. *Gegn ákærða Kristjáni fyrir skjalafals og hilmingu og ákærða I fyrir skjalafals og brot í opinberu starfi.*

Sparisjóðsbókum þeim, sem lýst er í I. kafla A 2.-7. tölulið, framvísaði ákærði Kristján í viðkomandi bönkum fyrir ákærða I, þrátt fyrir vitneskju um að sparisjóðsbækurnar væru allar stolnar með þeim hætti sem lýst er í I. kafla, ásamt úttektarseðlum sem ákærðu höfðu sameiginlega staðið að því að útfylla og falsa á nafnritanir, eins og rakið verður.

1. Þann 28. febrúar 1984 framvísað í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 2. tölulið ásamt úttektarseðli, sem ákærði Kristján hafði falsað á nafnritun Bjarna Bjarnasonar en ákærði I hafði tilgreint reikningseiganda skiptaráðandann í Reykjavík v/dánarbús Sigríðar Bjarnadóttur, og úttektarfjárhæðina, kr. 250.000, sem ákærði Kristján fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af þeirri fjárhæð varð kr. 50.000-70.000 en hlutur ákærða I kr. 180.000-200.000.

2. Þann 9. apríl 1984 framvísað í Landsbanka Íslands, Vegamótaútbúi, sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A, 3. tölulið ásamt úttektarseðli með falsaðri nafnritun Guðjóns Torfasonar og tilgreindum eiganda bókarinnar, Ragnari H. Hall, skiptaráðanda v/dánarbús Friðþjófs Jóhannessonar, Patreksfirði, og úttektarfjárhæðinni kr. 195.000, sem ákærði Kristján fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af þeirri fjárhæð varð kr. 35.000-60.000 en hlutur ákærða I kr. 135.000-160.000.

3. Þann 23. maí 1984 framvísað í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 4. tölulið ásamt úttektarseðli með falsaðri nafnritun Stefáns Arasonar og tilgreindum reikningseiganda, skiptaráðandinn í Reykjavík v/dánarbús Önnu S. Aradóttur og úttektarfjárhæð kr. 250.000, sem ákærði Kristján fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af þeirri fjárhæð varð kr. 50.000-70.000 en hlutur ákærða I, kr. 180.000-200.000.

4. Þann 29. maí 1984 framvísað í Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 5. tölulið ásamt úttektarseðli með falsaðri nafnritun Stefáns Guðmundssonar og tilgreindum reikningseiganda, skiptaráðandinn í Reykjavík v/protabús Oks hf., og úttektarfjárhæð kr. 200.000, sem ákærði Kristján fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af andvirðinu varð kr. 40.000-60.000 en hlutur ákærða I kr. 140.000-160.000.

5. Þann 12. júní 1984 framvísað í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 6. tölulið ásamt úttektarseðli með falsaðri nafnritun Gunnars Stefánssonar og tilgreindum eiganda sparisjóðsbókarinnar, skiptaráðandinn í Reykjavík v/dánarbús Sesselju Jörundsdóttur og úttektarfjárhæð kr. 180.000, sem ákærði Kristján fékk greidda í reiðufé. Hlutur ákærða Kristjáns af þeirri fjárhæð varð kr. 30.000-60.000 en hlutur ákærða I kr. 120.000-150.000.

6. Þann 2. júlí 1984 framvísað í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31,

sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 7. tölulið a), ásamt úttektarseðli, sem ákærði Kristján falsaði á nafnritunina Gunnar Stefánsson og tilgreint sem reikningseiganda skiptaráðandann í Reykjavík v/dánarbús Sesselju Jörundsóttur og úttektarfjárhæðina kr. 70.000 sem ákærði fékk greidda í reiðufé.

7. Sama dag framvísað í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sparisjóðsbók þeirri, sem lýst er í I. kafla A 7. tölulið b), ásamt úttektarseðli sem ákærði Kristján hafði falsað á nafnritunina Þráinn Einarsson og tilgreint sem reikningseiganda skiptaráðandann í Reykjavík v/þrotabús Vátryggingafélagsins hf., og úttektarfjárhæðina kr. 120.000 sem ákærði fékk greidda í reiðufé. Hluttur ákærða Kristjáns af andvirði úttekinna fjárhæða samkvæmt þessum tölulið og 6. tölulið varð kr. 110.000-140.000 en hluttur ákærða I kr. 50.000-80.000.

8. Enn sama dag framvísað í Landsbanka Íslands, Vegamótaútibúi, sparisjóðsbók, sem lýst er í I. kafla A 7. tölulið c), ásamt úttektarseðli, sem ákærði Kristján hafði falsað á nafnritunina Gunnar Sölvason og tilgreint sem reikningseiganda skiptaráðandann í Reykjavík v/dánarbús Lilju Tryggvadóttur.

Ákærði Kristján hvarf á brott úr bankanum jafnskjótt og ákærði varð þess var að fyrirstaða var á greiðslu samkvæmt framvísuðum úttektarseðli.

Brot ákærða Kristjáns, sem í þessum ákærulið greinir, teljast varða við 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga en brot ákærða I við 1. mgr. 155. gr. og 138. gr. sömu laga.

IV. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar svo og til að sæta samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga upptöku á myndavél, Konica FT 372299 með þremur Tamron aukalinsum og flassi, sem lögreglumenn lögðu hald á þann 19. júlí 1984 og ákærðu höfðu keypt af ónafngreindum aðila og notað til þeirra kaupa peninga af úttektum, sem í III. ákærulið greinir.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða Kristjáns Aðalsteinssonar hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1976 21/7 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 26.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. rgj. nr. 390, 1974.
- 1977 6/10 í Reykjavík: Sátt: 192.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. rgj. nr. 390, 1974, sbr. og 71. gr. hgl.

- 1978 22/9 í Reykjavík: Sátt: 60.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 29/6 1978.
- 1979 15/2 í Reykjavík: Sátt: 110.000 kr. f. brot g. 27. og 18. gr. umfl.
- 1979 11/5 í Reykjavík: Sátt: 150.000 kr. sekt f. brot g. 60. sbr. 61. gr. tolllaga.
- 1981 9/1 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt: 3.500 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65/1974 og 2., sbr., 10. gr. rgj. 390/1974, sbr. 77., 71. og 5. gr. hgl.
- 1981 20/3 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Dómur: 7 mán. fangelsi f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65/1974 og 2. sbr. 10. gr. rgj. nr. 390/1974, sbr. og að hluta 2. tl. l. mgr. 5. gr. hgl.
- 1981 30/4 Borgarréttur Kaupmannahafnar, Dómur: 6 mán. fangelsi f. brot g. d. fíkniefnalöggjöf og hegningarlögum.
- 1982 23/3 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar að því er varðar dóm upp-
kveðinn 20.3. 1981: 5 mán. fangelsi og 4.000 kr. sekt.
- 1982 29/4 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29.1. 1982.
- 1982 29/9 í Reykjavík: Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1982 18/11 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Dómur: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. 65, 1974, sbr. l. nr. 60, 1980, og 2. sbr. 10. gr. rgj. 390, 1974.
- 1983 20/4 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 50 dögum.
- 1985 13/3 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1986 24/3 í Reykjavík: Áv. og fíkn. Dómur: 3 ára fangelsi og 50.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2. sbr. 10. gr. rgj. nr. 16, 1986.

— — —

Málavextir:

Mánudaginn 2. júlí 1984 kom vitnið, Jóhann Kristján Birgisson, á skrifstofu RLR og lagði fram kæru.

Vitnið kvaðst hafa verið við vinnu sína í Landsbankanum á Laugavegi 7 um kl. 13:30 þennan dag er maður hafi komið inn í bankann og framvísað bankabók ásamt útfylltum úttektarseðli við starfsmann bankans. Þar sem bankabók þessi var tilkynnt stolin á skráð bankans gerði starfsmaðurinn vitninu viðvart og óskaði aðstoðar vegna þessa. Vitnið kvaðst hafa tekið hinn aðkomna mann tali og í framhaldi af því hafi maðurinn tekið til fótanna og flúið út úr bankanum. Vitnið kvaðst hafa fylgt manninum eftir á hlaupum en misst af honum á Hverfisgötu, síðan svipast um eftir honum en án árangurs.

Sá er hér var að verki hafði fyllt út úttektarseðilinn fyrir hönd Skiptaráðandans í Reykjavík en þaðan var bókin tilkynnt stolin til bankans. Undir úttektarseðilinn ritaði maðurinn nafnið Gunnar Sölvason. Af 129.000 króna inneign á bankabókinni reyndi maðurinn að taka úr kr. 125.000 og ritaði á úttektarseðilinn vegna d/b Lilju Tryggvadóttur.

Vitnið lýsti manni þessum sem 32-34 ára gömlum, 178-179 cm háum og grönnum með langan háls. Hárið ljósskollitt og þunngert. Hann var íklæddur dökkum jakka og rauðri skyrtu og með brúna skjalatösku í hendinni.

Vitnið skoðaði myndir hjá RLR af brotamönnum en ekki tókst að finna þann grunaða.

Vitnið gaf skýrslur hjá RLR og að lokum fyrir dómi 18. apríl 1986.

Skiptaráðandinn í Reykjavík kærði málið til RLR með bréfi, dagsettu 3. júlí 1984. Verulegur skriður komst þó ekki á rannsókn málsins fyrr en fjórum dögum seinna eða 7. júlí en þá var komið á daginn á borgarfógetaskrifstofunni, að margar bankabækur dánar- og þrotabúa voru horfnar. Þá var gerð skrá um horfið geymslufé.

Um sama leyti féll grunur á ákærða I sem starfaði við Borgarfógetaembættið sem lausamaður. Úrskurður um húsleit að Búlandi I og handtöku ákærða I var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur aðfaranótt mánudagsins 9. júlí, en síðar þann dag var hann handtekinn á lögmennsstofu hér í borg. Ákærði neitaði sakargiftum og var lögð fram krafa um gæsluvarðhald af hálfu RLR þann 10. júlí. Var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald í sakadómi Reykjavíkur þann 11. júlí til miðvikudagsins 1. ágúst 1984. Gæsluvarðhald hans var seinna framlengt til 29. ágúst 1984. Játningar ákærða I komu smátt og smátt hjá RLR og liggja fyrir allmargar skýrslur hans í málinu.

Fljótlega féll einnig grunur á ákærða Kristján Aðalsteisson. Vitni töldu sig endurþekkja hann af myndum svo og vegna tengsla hans við ákærða I. Úrskurður um húsleit og handtöku var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur 12. júlí og um gæsluvarðhald hans í sama dómi daginn eftir og skyldi það standa til 1. ágúst. Ákærði Kristján kærði þann úrskurð til Hæstaréttar Íslands og var hann staðfestur þar. Gæsluvarðhald hans var seinna framlengt tvívegis fyrst til 29. ágúst og aftur til 19. september.

Ákærði Kristján neitaði sakargiftum í fyrstu en smám saman komu játningar hans eins og hjá ákærða I.

Ákærði G var handtekinn 28. júlí. Hann játaði strax brot sitt. Hann var hnepptur í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 29. júlí og átti gæsluvarðhaldið að standa til 1. ágúst. Ákærða var sleppt 30. júlí.

Rannsókn máls þessa hjá RLR er yfirgripsmikil. Fjöldi margir hafa verið

yfirheyrðir, bæði starfsfólk borgarfégetaembættisins svo og ýmis vitni er tengdust ákærðu eða eitthvað gátu tjáð sig til upplýsingar í málinu.

Hinir ákærðu tengjast fíkniefnum og fíkniefnamálum og hafa allir hlotið dóma eða undirgengist sáttir hjá sakadómi á ávana- og fíkniefnamálum. Samkvæmt upplýsingaskýrslu Guðmundar Guðjónssonar rannsóknarlögreglumanns, dagsettri 25. september 1984, kemur fram að fíkniefnamisferli kærðra eru aðskilin málinu með sérkærum, en ákærðu I og Kristján höfðu fjármagnað fíkniefnakaup með hluta þeirra peninga sem þetta mál snýst um.

Eins og hér er komið fram var mál þetta ítarlega rannsakað af hálfu RLR og komu fram játningar ákærðu, sem eru samhljóða að öðru leyti en því að ákærðu I og Kristján töldu sig hafa fengið minna í hlut hvor um sig en hinn hélt fram.

Ákæra var gefin út þann 28. febrúar 1986. Ákærðu var öllum stefnt til dóms þann 18. apríl 1986 og fóru ákærubirtingar fram utan réttar. Málið var síðan þingfest þennan dag.

Ákærði I gaf eftirfarandi dómskýrslu:

— — —

Varðandi sakarefni í III. kafla ákæru.

Ákærði viðurkennir að hafa fengið meðákærða Kristján Aðalsteinsson til að framvísa úttektarseðlinum sem ákærðu höfðu í sameiningu falsað að fyrirlagi ákærða ásamt sparisjóðsbókum sem rétt er lýst í tölulíðum 1-8, í þeim lánastofnunum sem þar er líka rétt lýst og tók meðákærði út af bókunum fé sem réttilega er tilgreint í ákærunni.

Ákærði kveðst hafa fengið í sinn hlut sem hér greinir:

Af úttekt úr bók sem

lýst er í 1. tölulíð	kr. 180.000,00
lýst er í 2. tölulíð	— 135.000,00
lýst er í 3. tölulíð	— 180.000,00
lýst er í 4. tölulíð	— 140.000,00
lýst er í 5. tölulíð	— 120.000,00
lýst er í 6.-7. tölulíð	— 50.000,00

Eða samtals kr. 805.000,00

Ákærða er bent á að samkvæmt framburði meðákærða Kristjáns Aðalsteinssonar eigi ákærði að hafa fengið meira í sinn hlut eða sem nemur samtals 145.000 krónum.

Ákærði telur það fráleitt og kveðst nokkuð viss um að Kristján hafi tekið við meiri peningum en Kristján hefur viðurkennt.

Ákærða eru nú kynnt gögn á dskj. nr. VI, skjali 84, bls. 1, A-I og AA-II.

Ákærði þekkir aftur alla úttektarseðlana á skjölum A-I, hann þekkir skrift sína á þeim, það sem hann hefur skrifað og viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu.

Hann telur efni skjala merkt AA-II vera rétt og þar rétt frá greint á þeim hvað ákærði skrifaði á skjölin og hvað aðrir skrifuðu.

Ákærði staðfestir efni skýrslna sinna hjá RLR.

Ákærði segir að í skýrslu á skjali nr. 71 liti út eins og hann hafi farið eina ferð áður en hann fór fyrstu ferðina sem ákært er út af. Svo hafi ekki verið heldur sé þarna um sömu ferðina að ræða. Þá vill ákærði taka fram að aldrei hafi verið samið um helmingaskipti milli hans og meðákærða Kristjáns í upphafi. Heldur hafi Kristján haft uppi kröfur um slíkt þegar á leið.

Borin er undir ákærða upptökukrafa í IV. kafla ákærunnar.

Ákærði kveðst mótmæla þessari kröfu.

Aðspurður kveður ákærði það rétt vera að hlutirnir sem krafist er upptöku á hafi verið keyptir fyrir það fé sem tekið var út af bankabókunum og greint er frá í III. kafla ákærunnar.

Aðspurður kveðst ákærði ekki geta tilgreint af hverjum hlutirnir voru keyptir, en meðákærði Kristján hafi haft milligöngu um kaupin. Aðspurður kveður ákærði að hlutirnir hafi verið keyptir fyrir hluta ákærða af þýfinu.

Ákærði Kristján Aðalsteinsson kom fyrir dóminn 22. apríl 1986 og gaf eftirfarandi skýrslu varðandi sakarefnið í III. kafla ákæru:

Ákærði viðurkennir að hafa framvísað úttektarseðlum, sem ákærði og meðákærði I höfðu falsað og rétt er lýst í ákæru, ásamt sparisjóðsbókum, í lánastofnunum þeim sem eru líka rétt greindar í tölulíðum 1-8 og tekið út af bókunum það fé sem rétt er lýst í ákæru.

Ákærði viðurkennir að hafa vitað hvernig bækurnar voru fengnar.

Ákærði kveðst hafa fengið í sinn hlut af úttektunum sem hér greinir:

Samkvæmt tölulíð 1.	kr. 50.000,00
Samkvæmt tölulíð 2.	— 35.000,00
Samkvæmt tölulíð 3.	— 50.000,00
Samkvæmt tölulíð 4.	— 40.000,00
Samkvæmt tölulíð 5.	— 30.000,00
Samkvæmt tölulíð 5.-7.	— 110.000,00

Eða samtals kr. 315.000,00

Ákærða er bent á að samkvæmt framburði meðákærða I eigi ákærði að hafa fengið meira í sinn hlut, eða sem nemur samtals kr. 145.000. Ákærði heldur fast við að hafa ekki fengið meira í sinn hlut en hann hefur viðurkennt í skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglunni.

Ákærða eru kynnt gögn á dskj. nr. VI, skjali nr. 84, bls. 1, B-I og BB-II.

Ákærði þekkir aftur alla úttektarseðlana á skjölum merktum B-I. Hann þekkir skrift sína á þeim, það sem hann hefur skrifað og viðurkennt hjá RLR. Hann telur efni skjala, merktra BB-II, vera rétt og þar rétt greint á þeim hvað ákærði skrifaði á úttektarseðlana.

Ákærði staðfestir efni skýrsla sinna hjá RLR.

Aðspurður segir ákærði að fyrirfram hafi verið ákveðið að ákærði fengi við fyrstu úttektina kr. 50.000, en það segir ákærði að meðákærði I hafi boðið sér. Ákærði segir að í öll skiptin hafi þetta gengið þannig fyrir sig að hann hafi afhent meðákærða I það sem út var tekið og I síðan afhent sér það sem átti að koma í hlut ákærða. Framan af var um að ræða fimmta part eða nálægt því.

Aðspurður hvers vegna ákærði hafi fengið Örn Nielsen til að skrifa á einhverja úttektarseðlana segir ákærði að það geti verið að hann hafi haldið að með því fríaði hann sig að einhverju leyti frá sök.

Ákærði kveðst hafa greitt Erni Nielsen fyrir þetta kr. 10.000 sem Örn kannist þó ekki við.

Borin er undir ákærða upptökukrafa í IV. kafla ákærunnar.

Ákærði hefur ekkert við þessa kröfu að athuga. Hann kveðst engra hagsmuna hafa að gæta í því sambandi.

Aðspurður kveðst ákærði hafa keypt hlutina fyrir meðákærða I fyrir peninga sem meðákærði I lét hann hafa. Ákærði kveðst hafa haft grun um að það væru peningarnir sem fengnir voru í úttektum sem ákært er fyrir. Ákærði vill þó ekki fullyrða neitt um þetta atriði. Það geti líka verið að I hafi lagt fyrir af kaupi.

Aðspurður man ákærði ekki af hverjum var keypt en kaupin fóru fram heima hjá ákærða. Ákærði telur þó sem fyrr það vera líklegast að keypt hafi verið af Sigurði eins og fram muni koma í skýrslu ákærða hjá RLR.

— — —

Vitnið Ragnar Hall borgarfégeti kom fyrir dóminn 5. maí 1986.

— — —

Vitnið skýrir svo frá að endurgreiðsla fjárins hafi farið fram með þeim hætti að þrír menn gerðu samkomulag við Fjármálaráðuneytið, þeir X og bróðir Kristjáns Aðalsteinssonar, Y, svo og Z. Gáfu þessir menn út þrjú skuldabréf í júlí 1985 til 10 ára með veði í fasteignum þeirra, en bréfin voru vaxtalaus og án verðtryggingar. Vitnið segir bréfin hafa verið að fjárhæð samtals í kringum kr. 1.700.000, en þá hafði verið reiknað með vöxtum og kostnaði í samræmi við dóma uppkveðna á bæjarþingi Reykjavíkur.

Vitnið kveðst upphaflega hafa bætt búunum tjónið persónulega með peningum.

Vitnið höfðaði síðan fjögur mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og lauk þremur þeirra með efnisdómi, en einu þeirra var frávísað. Það var á grundvelli þeirra dóma auk þeirrar kröfu, sem vísað var frá, sem fjárhæð skulda-bréfanna var fundin út.

— — —

Þá kom fyrir dóminn þann 22. apríl 1986, vitnið Kristinn Rafn Hjaltason, framkvæmdastjóri, Meistaravöllum 19, Reykjavík. Hann staðfesti skýrslur sínar hjá RLR.

Vitnið man þegar ákærði Kristján kom til hans á Hverfisgötuna og hafði meðferðis tösku sem Kristján bað vitnið að geyma fyrir sig. Vitnið benti honum á að setja töskuna í eldhúsið, í skáp þar. Vitnið man að Kristján var móður og bað um vatnsglas sem hann fékk. Vitnið sinnti ekki Kristjáni neitt sérstaklega.

Aðspurt kveðst vitnið ekki muna núna sérstaklega eftir að Kristján hafi beðið um jakka að láni.

Vitnið vissi ekkert hvað var í töskunni og segir að I hafi síðan komið og spurt um töskuna og líklega tekið eitthvað úr henni.

— — —

Niðurstöður:

— — —

Varðandi sakarefni III. kafla ákæru:

Ákærðu I og Kristján Aðalsteinsson hafa báðir viðurkennt hjá RLR og fyrir dómi brot sitt sem rétt er lýst í ákæru að mati dómsins.

Ákærði I sagði fyrir dóminum að hann hefði fengið meðákærða Kristján til að framvísa úttektarseðlunum, sem ákærðu höfðu í sameiningu falsað, að fyrirlagi ákærða, ásamt sparisjóðsbókum sem rétt er lýst í tölulíðum 1-8, í þeim lánastofnunum sem þar er líka rétt lýst og tók meðákærði út af bókunum fé sem réttilega er tilgreint í ákærunni fjárhæðir samtals kr. 1.437.049,12.

Sams konar játning liggur fyrir hjá ákærða Kristjáni. Þó er hið rétta að ákærðu fengu í sumum tilvikum aðra til að falsa nöfn fyrir sig á úttektarseðlana og liggja fyrir skýrslur þeirra hjá RLR þar sem þeir skýra frá því í smáatriðum. Ekki náðist til vitnisins Arnar Nielsen sem ritaði á nokkra seðlana, en hann er fluttur til Danmerkur. En ótvírætt er að ákærðu áttu báðir þátt í því að skjölin voru fölsuð og voru báðir saman um að nota þau.

Ákærðu voru ekki sammála í framburðum sínum um það hve mikið hefði komið í hlut hvors þeirra af því fé sem tekið var út.

Með vísan til þessa alls og sakargagna, er að sakaratriðum III. kafla

ákæru lúta, þykir sannað að ákærðu hafi framið það brot sem rétt er lýst í þeim kafla ákæru. Varðar það þá refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði I er sýknaður af broti samkvæmt 138. gr. þeirra laga. Ákærði Kristján verður hins vegar sakfelldur fyrir brot samkvæmt 1. mgr. 254. gr. laganna á sama hátt og ákærði I var sekur fundinn fyrir brot samkvæmt 244. gr. laganna en því var lýst í I. kafla ákærunnar. Þykir þessu broti ákærða Kristjáns næjanlega lýst í ákærunni.

Upptökukrafa í IV. kafla ákæru:

Af hálfu ákæruvaldsins hefur þess verið krafist, að samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga verði gerð upptæk til ríkissjóðs myndavél, Konica FT 372299 með þremur Tamron aukalinsum og flassi, sem lögreglumenn lögðu hald á 19. júlí 1984 og ákærðu Kristján og I höfðu keypt fyrir andvirði úttekta, sem í III. kafla ákæru greinir.

Samkvæmt framburði þessara ákærðu voru þessir munir keyptir fyrir andvirði þeirra úttekta er þarna getur. Þeir eru sammála um það að það hafi verið fyrir það fé sem kom í hlut ákærða I þótt ákærði Kristján hafi haft milligöngu um kaupin.

Þar sem munir þessir eru keyptir fyrir þýfi þykja, enda þótt gengið hafi verið frá bótahlið málsins sbr. bréf Fjármálaráðuneytisins, dagsett 1. júlí 1985 og framburð vitnisins, Ragnars Halldórs Hall fyrir dómi þann 5. maí 1986 og bréf þess vitnis, dagsett sama dag, vera fyrir hendi nægjanleg rök til að gera framangreinda muni upptæka til ríkissjóðs samkvæmt þeim ákvæðum laga sem hér að framan eru greind.

Ákvörðun refsinga o.fl.:

— — —

Ákærði Kristján Aðalsteinsson var með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, uppkveðnum 24. mars 1986, dæmdur í 3 ára fangelsi og 50.000 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 65, 1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð settri samkvæmt þeim lögum svo og 173. gr. almennra hegningarlaga, en þá heimfærslu vantar á sakavottorð ákærða.

Ákærða Kristjáni verður nú ákveðinn hegningarauki með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga og verður ekki fallist á það sjónarmið ákæruvaldsins sem fram kom í munnlegum málflutningi, að meta eigi refsingu ákærða sjálfstætt þar sem fyrrnefndum dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Refsing ákærða Kristjáns þykir með vísan til þessa hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhald hans frá 13. júlí til 19. september 1984 með fullri dagatölu.

— — —

Ákærði Kristján verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hdl., krónur 40.000,00.

Ákærði G verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., krónur 15.000,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 40.000,00, þykir rétt að ákærði I greiði að 4/8 hlutum, ákærði Kristján að 3/8 hlutum og ákærði G að 1/8 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærði I sæti fangelsi 12 mánuði, en frá refsingu þeirri skal draga gæsluvarðhald hans frá 11. júlí til 29. ágúst 1984 með fullri dagatölu.

Ákærði Kristján Aðalsteinsson sæti fangelsi 6 mánuði, en frá refsingu þeirri skal draga gæsluvarðhald hans frá 13. júlí til 19. september 1984 með fullri dagatölu.

Ákærði G sæti fangelsi 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans og hún falla niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955. Komi refsingin til framkvæmda skulu dragast frá henni 2 gæsluvarðhaldsdagar.

Upptæk skal vera til ríkissjóðs myndavél af gerðinni Konica FT 372299 ásamt þremur Tamron aukalinsum og flassi, sem hald var lagt á við rannsókn málsins og ákærði I keypti fyrir andvirði úttekta, sem í III. kafla ákæru greinir.

Ákærði I greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., krónur 40.000,00.

Ákærði Kristján greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hdl., krónur 40.000,00.

Ákærði G greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., krónur 15.000,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 40.000,00, greiði I að 4/8 hlutum, ákærði kristján að 3/8 hlutum og ákærði G að 1/8 hluta.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.